

## Að búa til sögu

### *Sagan um gralinn*<sup>1</sup>

Sögur um Artúr konung og riddara hringborðsins þekkja flestir á einn eða annan hátt. Persónur þeirra teygja rætur sínar langt aftur í keltneskan menningararf en hafa í tímans rás tekið á sig ýmsar myndir og gengið í endurnýjun lífdaga. Einn af frægustu riddurum hringborðsins er Perceval, aðalsöguhetja *Sögunnar um gralinn* eftir franska miðaldaríthöfundinn Chrétien de Troyes sem uppi var á 12. öld.<sup>2</sup> Þessi ljóðsaga – eða rómansa eins og miðaldarskáldsagan er oft kölluð til aðgreiningar frá nútímaskáldsögunni – er eitt af elstu skáldverkunum þar sem Artúr og riddarar hans eru í aðalhlutverki. Þar stígur Perceval sín fyrstu skref í heimi bókmenntanna, kveður hversdagsleika móðurhúsanna og heldur á vit hins óþekkta. Í upphafi verks síns segir Chrétien að hann ætli sér að semja bestu sögu sem sögð verði við konunglega hirð.<sup>3</sup> Hann byggir frásögnina upp í kringum margþætta leit og fer létt með að vekja forvitni lesandans. Chrétien lagði metnað í gerð verka sinna en mörgum spurningum er ósvarað þegar lestrinum lýkur skyndilega, í miðri setningu, því *Sagan um gralinn* er óklárað verk. Ekki er vitað með vissu hvers vegna höfundurinn hófst handa við gerð þess og enn síður hvers vegna hann skildi við það án þess að ljúka frásögn sinni. En margir urðu til þess að spinna við söguna, þýða hana

<sup>1</sup> Ég þakka ritstjórum og ritrýnum fyrir góðar og gagnlegar ábendingar við yfirllestur á greininni.

<sup>2</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal, Oeuvres complètes*, ritstj. Daniel Poirion, París: Gallimard, 1994, bls. 683–911. Allar tilvísanir í verk Chrétiens eru í þessa útgáfu.

<sup>3</sup> Sama rit, bls. 686, ll. 61–66.

og endursegja. Hér verður *Sagan um gralinn* sett í bókmenntasögulegt samhengi ljóðsögunnar og sagt frá þeim aðstæðum sem ætla má að verkið hafi sprottið upp úr. Við upphaf skáldsagnaritunar í Evrópu er skáldsagan í mótun, rétt eins og höfundarhugtakið, og greinilegt að höfundar eins og Chrétien de Troyes velta því fyrir sér hvernig þeir eigi að bera sig að og hvert hlutverk þeirra sé í meðhöndlun þess efniviðar sem þeir nota í verk sín. Eins og önnur skáldverk Chrétiens segir *Sagan um gralinn* okkur því sitt hvað um vinnubrögð hans og markmið með gerð verksins. Það er ekki síður forvitnilegt að leiða hugann að því hvaða væntingar hann hefur til áheyrenda/lesenda verksins þegar kemur að því að ráða í merkingu þess og túlkun.

## 1. Í leit að höfundi

Það var á þeim árstíma er trén blómgast, skógarnir laufgast, túnin verða græn og fuglarnir syngja fagurlega á máli sínu að morgni dags og allt ljómar af gleði að sonur ekkjunnar í Eyðiskóginum einmanalega fór á fætur og setti hnakk á hest sinn, tók þrjú kastspjót og reid þannig búinn af setri móður sinnar ...<sup>4</sup>

Fæðing nútímaskáldsögunnar er gjarnan tímasett í byrjun 17. aldar þegar verkið *Don Kíkóti* eftir Cervantes kom út.<sup>5</sup> Í þessari eftirminnilegu frásögn af ferðum riddarans Kíkóta fær lesandinn að fylgjast með hrakförum söguhetjunnar og skaðlegum áhrifum skáldsögunnar á líf hennar.<sup>6</sup> Höfundurinn gerir óspart grín að ótrúverðugum ævintýralanglokum barokkskáldsögunnar í þessu óvenjulega verki þar sem furðulítið drífur á daga aðalpersónunnar þegar öllu er á botninn hvolft. Riddarasögur miðalda eru á vissan hátt jafn fjölbreyttar og þau skáldverk sem síðar koma: Þær eru ýmist í bundnu

<sup>4</sup> Sama rit, bls. 687, ll. 69–80. Greinarhöfundur þýðir allar tilvitnanir í verk Chrétiens.

<sup>5</sup> Erfitt er að tímasetja atburði af þessu tagi, sjá til dæmis Marthe Robert, „From *Origins of the Novel*“, *Theory of the Novel. A Historical Approach*, ritstj. Michael McKeon, Baltimore og London: The John Hopkins University Press, 2000, bls. 57–69.

<sup>6</sup> Sjá til dæmis Cesareo Bandera, *The Humble Story of Don Quixote. Reflections on the Birth of the Modern Novel*, Washington, DC: Catholic University of America Press, 2006.

máli eða óbundnu og höfundar leita jafnt fanga í furðuheimum goðsagna og ævintýra sem í sögulegum atburðum líðandi stundar og liðinnar. Önnur verk eða hugðarefni af trúarlegum eða veraldlegum toga eru þeim einnig innblástur. Þótt einstaklingurinn – farandriddarinn – sé miðpunktur rómönsunnar er persónusköpunin heldur einsleit og er það tímanna tákn rétt eins og höfundarleysið sem ein-kennir flest skáldverk miðalda enda var höfundarhugtakið lengi laust í reipum. Við vitum ekki hver samdi *Egils sögu* eða *Njálu*, uppruni þeirra er óljós og fjarlægur og erfitt er að festa hendur á einum höfundi sem hægt er að skrifa fyrir verkunum. Miðaldabókmenntir eru þar að auki því marki brenndar að frumhandrit eru ekki til staðar, heldur ein eða fleiri útgáfur af horfnum texta sem margir hafa tekið þátt í að miðla, varðveita og flytja.<sup>7</sup> Stundum reyna fræðimenn að komast nær höfundi verks með því að móta sér hugmynd um hann á grunni verksins eða með því að nýta sér sögulegar heimildir.<sup>8</sup> Vissulega getur það haft áhrif á hvernig verkið er lesið en höfundarleysið – hvort sem það er tilviljun eða ekki – getur líka verið merkingarbært.<sup>9</sup> Nafnleysi höfundar segir okkur ýmislegt um textann og samfélagið sem hann er sprottinn úr. Þegar verkin voru flutt munnlega má til dæmis ætla að áheyrendur hafi iðulega eignað flytjandnum textann.<sup>10</sup> Jafnvel þegar nafni bregður fyrir er lesandinn litlu nær þegar svo gamlir textar eiga í hlut; er hinn margumtalaði og óþekkti Turolfus höfundur, skrifari eða flytjandi *Rólandskvæðis*? Við vitum nánast ekkert um hina frægu Marie de France, höfund *Strengleika*, annað en það sem nafnið segir okkur: að hún hafi heitið Marie og verið frá því landsvæði sem þá kallaðist France – ef það er þá rétt – og sáralítið um Chrétien de Troyes, höfund *Sögunnar um gralinn*, og eru honum þó eignaðar fimm riddarasögur í bundnu máli, tvö ljóð, þýðingar á Ovidiusi og fleiri verk, gleymd og glötuð.<sup>11</sup> Þrátt fyrir langlífi þeirra kappá sem Chrétien leiddi fram á sviðið er nafn hans

7 Samanber Jón Karl Helgason, *Höfundar Njálu. Þræðir úr vestrænni bókmenntasögu*, Reykjavík: Heimskringla, 2001.

8 Athyglisvert dæmi um það má finna í verki Torfa H. Tulinius, *Skáldið í skrifinni. Snorri Sturluson og Egils saga*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004.

9 Paul Zumthor, *Essai de poésie médiévale*, Paris: Le Seuil, 2000 (1. útgáfa 1972), bls. 88.

10 Sama rit, bls. 89.

11 Öll varðveitt verk sem honum eru eignuð má finna í Chrétien de Troyes, *Œuvres complètes*, Paris: Gallimard, 1994.

lítt þekkt utan hins þrönga hóps miðalda- og bókmenntafræðinga sem kynna sér ljóðsögur hans sem hluta af námi eða rannsóknarvinnu.

Nafnið Chrétien var sjaldgæft á ritunartíma *Sögunnar um gralinn* en því bregður fyrir í þeim fimm riddarasögum sem hann er talinn vera höfundur að og í þeirri fyrstu, *Erec et Enide*, kennir hann sig við borgina Troyes í Champagne-héraði.<sup>12</sup> Borgin Troyes blómstraði á síðari hluta 12. aldar. Greifarnir í Champagne-héraði reistu þar hallir og þarna voru haldnir stórir árstíðabundnir markaðir sem drógu að kaupmenn og ferðafólk. Þetta var miðstöð viðskipta, menntunar og menningar. Latnesk útgáfa nafnsins Chrétien – Christianus – hefur fundist þar í skrá einni frá árinu 1173 í Saint-Loup-klaustrinu og var sá Kristján kanóni.<sup>13</sup> Hvort þetta er okkar maður er óvíst en eins og flestallir ritfærir menn þessa tíma hafði höfundur *Sögunnar um gralinn* í það minnsta hlotið klerklega menntun. Á tímum trúbadúra kemur það ekki á óvart að ástin – hin hæverska ást í sínum ólíku myndum – verði eitt af meginviðfangsefnum rómönsunnar. Talið er að Chrétien hafi skrifað sína fyrstu riddarasögu um 1170. Þetta er sagan um hjónin Erec og Enide og fjallar hún um það hvernig Erec tekst, með hjálp Enide, að rækja riddaralegar skyldur sínar þrátt fyrir ofurást á eiginkonu sinni. Í verkinu *Cligès* (frá um 1176) skrifar Chrétien eins konar svar við sögunni um elskendurna Tristan og Ísold. Söguhetjurnar Cligès og Fénice elska hvor aðra þótt Fénice sé gift eldri manni. Án þess að vera eiginmanni sínum ótrú – eins og Ísold var sek um – tekst henni að blekkja hann og gengur að eiga hinn unga Cligès í sögulok. Í sögunni um ljónsriddarann Ívan veltir Chrétien því enn fyrir sér hvernig best megi flétta saman riddaramennsku og ekta-skap en um svipað leyti (1177–1181) semur hann einnig *Lancelot eða kerruriddarann* að beiðni Maríu greifynju af Champagne sem

<sup>12</sup> Mikið hefur verið skrifað um Chrétien de Troyes og verk hans. Kynningu á höfundinum og því umhverfi sem verk hans eru sprottin úr má til dæmis finna í verki Josephs J. Duggans, *The Romances of Chrétien de Troyes*, New Haven og London: Yale University Press, 2001, bls. 1–46. Í verki Douglasar Kellys, *Chrétien de Troyes. An Analytic Bibliography. Supplement 1*, London: Tamesis, 2002 er svo að finna nánari upplýsingar um rannsóknir á verkum höfundarins. Nýlegt yfirlit um verk Chrétien: *A Companion to Chrétien de Troyes*, ritstj. Norris J. Lacy og Joan Tasker Grimbert, Cambridge: D.S. Brewer, 2005. Sjá líka fróðlega umfjöllun Martins Aurells í riti hans *La Légende du roi Arthur. 550–1250*, París: Perrin, 2007, bls. 253–366.

<sup>13</sup> Sjá til dæmis Joseph J. Duggan, *The Romances of Chrétien de Troyes*, bls. 4.

„lagði honum til efniviðinn og inntakið“.<sup>14</sup> María var dóttir Alíenóru af Akvitaníu og Loðvíks VII. konungs af Frakklandi.<sup>15</sup> Hún fæddist árið 1145 og árið 1159 giftist hún Hinriki I. greifa af Champagne sem var einn af völdugustu lénsmönnum Frakklandskonungs. Í þessu verki segir frá Guenièvre, eiginkonu Artúrs konungs, og raunum elskhuga hennar, Lancelot, þegar drottning er numin brott og henni haldið fanginni í handanheiminum, Gorre. Chrétien virðist hafa falið öðrum að ljúka þessu verki um ást í meinum þar sem tilfinningar bera riddarann ofurlíði og heiðri hans og sæmd er kastað fyrir róða.

Öll eru þessi verk í bundnu máli með átta atkvæða ljóðlínnum og endarími og það á líka við *Söguna um gralinn* sem einnig er kölluð *Perceval*. Hún er tileinkuð Filippusi af Alsace, greifa af Flandri og Hainaut, sem pantaði söguna hjá höfundinum eins og lesa má í formála verksins. Þetta er annað verkið þar sem fram kemur fyrir hvern Chrétien skrifar og í báðum tilvikum er óhætt að segja að það að Chrétien hafi ritað verk að beiðni ákveðins (eða ákveðinna) aðila varpi meira ljósi á verkin heldur en það hver höfundur þeirra er.<sup>16</sup> Filippus greifi var valdamikill maður og mun hafa gert sér ferð til Champagne 1182 til að biðja Maríu greifynju sem þá var orðin ekkja en hann sjálfur ekkjumaður. Ekkert varð úr þeim ráðahag en talið er að þá hafi leiðir hans og Chrétiens legið saman. Filippus lést svo í þriðju krossferðinni, árið 1191. Því er iðulega miðað við árin 1182–1191 sem það tímabil er ætla má að skáldið hafi verið í þjónustu greifans þegar reynt er að ákvarða ritunartíma *Sögunnar um gralinn*, síðasta verks Chrétiens, og dánardag skáldsins. Á tímum

<sup>14</sup> Chrétien de Troyes, *Lancelot ou le Chevalier de la Charrette, Oeuvres complètes*, bls. 505–682, hér bls. 507–508, ll. 25–28.

<sup>15</sup> Alíenóra af Akvitaníu varð síðar drottning af Englandi. Um hana má til dæmis lesa hjá Jean Flori, *Aliénor d'Aquitaine. La Reine insoumise*, París: Payot, 2004. Mörg af fyrstu skáldverkum sem samin voru á franska tungu tengjast beint eða óbeint ensku hirðinni þar sem franska (forfranska mállýskan engilnormannska) var töluð. Þar á meðal eru *Roman de Troie*, *Roman d'Eneas*, *Roman d'Alexandre*, *Roman de Rou*, *Roman de Brut*, *Strengleikar*, *Tristan* eftir Thomas, að verkum trúbadúrsins Bernard de Ventadorn ógleymdum. Áhrif hirðar Alíenóru og Hinriks II. á bókmenntir þessa tímabils eru þó umdeild, sjá Martin Aurell, *La Légende du roi Arthur*, bls. 166–186.

<sup>16</sup> Sjá til dæmis Jean Fourquet, „Chrétien entre Philippe d'Alsace et Marie de Champagne. Deux oeuvres sur commande: *Lancelot* et *Perceval*“, *Amour et chevalerie dans les romans de Chrétien de Troyes. Actes du colloque de Troyes (27–29 mars 1992)*, ritstj. Danielle Quéruel, París: Les Belles Lettres, 1995, bls. 19–28.

höfundarréttar og ritstuldar er erfitt að ímynda sér skáldverk án þess að tengja það við nafn, höfund, einstakling, hvað svo sem sú vitneskja segir okkur um verkið. En miðaldahöfundar höfðu annað viðhorf til verka sinna og leituðust jafnvel við að *segja sig frá* þeim með því að vísa á aðra höfunda eða rit. Í leit nútímalesandans að höfundi *Sögunnar um gralinn* er nafn Chrétiens vissulega dýrmætt en þegar allt kemur til alls segir það okkur sáralítið um tilurð verksins því að eins og svo mörg önnur miðaldaskáld er Chrétien vart til utan verka sinna og ekkert um hann vitað annað en það sem lesa má úr efnisvali hans og efnistöfum, þeim fáu orðum sem aðrir létu um hann falla og skrifum hans um yfirboðara sína. *Sagan um gralinn* hefst einmitt á mikilli lofræðu um húsbónda höfundarins en þar leiðir Chrétien einnig fram á sviðið broslega og óreynda sögupersónu sem stingur verulega í stúf við þá kappu sem prýtt höfðu verk hans fram að því.

## 2. Perceval: Úr móðurhúsum til manndóms

Í inngangi að verki sínu hleður Chrétien lofi á Filippus greifa, húsbónda sinn:

Greifinn er þannig gerður að hann hlustar ekki á háð og illmælgir og ef hann heyrir ljót orð um aðra, sama hver á í hlut, tekur hann það nærri sér. Greifinn elskar réttlæti, heiðarleika, tryggð og hina Heilögu kirkju. Hann hatar alla lágkúru. Hann er örlátari en maður heldur, hann gefur án hræsni og undirferlis, eins og segir í Nýja testamentinu: Vinstri höndin á ekki að vita hvað sú hægri gerir.<sup>17</sup>

Chrétien var ekki einn um að hafa Filippus af Alsace í hávegum því að Loðvík VII. Frakklandskonungur fól honum árið 1179 umsjón með syni sínum, Filippusi Ágústusi (Philippe Auguste). Greifanum var umhugað um að tryggja sér velvild nafna síns sem gekk að eiga frænku hans, Ísabellu af Hainaut, og fékk þar að auki ríflegan

<sup>17</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 685–686, ll. 21–32. Jean Fourquet bendir á að ef til vill hafi lofið um Filippus af Alsace átt að auðvelda honum að fá hönd Maríu greifynju af Champagne; „Chrétien entre Philippe d’Alsace et Marie de Champagne“, bls. 27.

heimanmund með henni. Við krýningarathöfnina, þegar Filippus Ágústus tók við ríkinu af föður sínum, hélt greifinn á hinu konunglega sverði og þjónaði til borðs við hátíðarmálsverðinn sama kvöld en í því fólst mikill virðingavottur. Þegar Loðvík VII. var allur versnuðu fljótt samskipti Filippusanna tveggja: Greifinn var ráðríkur og upptekinn af eigin hagsmunum og hinn ungi konungur lét stjórn mála og valdabaráttu ráða för í samskiptum sínum við kennara sinn og lénsmann. Hafi *Sagan um gralinn* verið hugsuð sem eins konar handbók eða leiðarvísir fyrir hinn unga konung má ætla að riddarinn Gauvain, sem síðari hluti verksins fjallar um, hafi verið konunginum betri fyrirmynd en sá fávísi sveinn, Perceval, sem er söguhetja fyrri hlutans.<sup>18</sup> Sveinninn er þó mun minnisstæðari og óvenjulegri sögupersóna í skáldverki af þessu tagi.

Í sögunni segir frá ungum pilti sem kveður móður sína með það fyrir augum að fara til hirðar Artúrs konungs og gerast þar riddari. Móðirin biður hann að fara hvergi, segist hafa misst föður hans og tvo eldri bræður í bardaga og megi ekki hugsa til þess að sjá þann þriðja og seinasta fara sömu leið. Ungi maðurinn lætur ekki segjast og þegar móðirin hefur lagt honum lífsreglurnar ríður hann af stað en hún hnígur niður af sorg. Sveinninn kemur til hirðar Artúrs konungs, fær þar góðar viðtökur og verður sér snarlega úti um herklæði. Hann lærir svo riddaramennsku hjá öðlingnum Gornemant sem fær honum einnig fín og fagurlituð klæði í stað þess fábrotna fatnaðar sem móðir hans hafði saumað og kennir honum, síðast en ekki síst, að gæta orða sinna. Þegar Perceval getur fengið hönd – og ríki – hinnar fögru Blanchefleur afþakkar hann og segist fyrst þurfa að vitja móður sinnar. Á leið sinni kemur hann að á þar sem heldri maður situr í bát og dorgar. Hann býður piltinum næturgistingu og þannig ratar hinn nýbakaði riddari í kastala hins fótalama Fiskikonungs þar sem

<sup>18</sup> Rita Lejeune taldi að Filippus af Alsace hefði pantað verkið fyrir hinn unga prins, Filippus, með það að leiðarljósi að hann gæti lært af því að fylgjast með Perceval; Rita Lejeune, „Encore la date du *Conte du graal* de Chrétien de Troyes“, *Bulletin Bibliographique de la Société Internationale Arthurienne* 9/1957, bls. 85–100, hér bls. 95. Ráð til konunga eða ýmiss konar konungsskuggsjár voru algengar á miðöldum. Ritið *Policraticus* (1159), eftir John frá Salesbury, var samið með Hinrik II. Plantagenet í huga. Hann varð konungur Englands árið 1154. Í einum hluta norska ritisins *Konungs skuggsjá* (1250–1260), þar sem talast við faðir og sonur, eru ýmsar ráðleggingar til konunga.

hann sér spjót sem blæðir úr og gralinn – dýrindis skál eða fat – sem borinn er fram og aftur um stofuna án þess að hann sjái ofan í hann.<sup>19</sup> Hann dauðlangar að vita meira um spjótið, gralinn og það sem fyrir augu ber en minnugur ráða Gornemants spyr hann einskis, neytir matar síns við hlið Fiskikonungsins og lætur sér nægja að horfa. Morguninn eftir fer hann á fætur, staðráðinn í því að fá skýringu á hlutverki gralsins en það er um seinan: Kastalinn er mannlaus og um leið og sveinninn ríður yfir vindubrúna lyftist hún og hestur hans fær með naumindum stokkið niður af henni. Furðu lostinn heldur hann leiðar sinnar og hittir skömmu síðar unga stúlku sem spyr hann vafningalaust hvaðan hann komi. Hann segir henni frá atburðum gærdagsins en hún reiðist og spyr hann að nafni. „Perceval hinn velski,“ svarar sveinninn og stúlkan gefur honum þá viðurnefnið „hinn ógæfusami“ og álasar honum fyrir að hafa ekki varpað fram spurningunum tveimur um gralinn og spjótið. Þannig hefði hann læknað Fiskikonunginn. Hún segir Perceval einnig að hún sé frænka hans og að móðir hans hafi dá-ið úr sorg þegar hann fór. Skömmu síðar, þegar sveinninn snýr aftur til hirðar Artúrs konungs, kemur þangað einkar ófríð yngismær sem bölvar Perceval fyrir framtaksleysið í kastala Fiskikonungsins. Það sé honum að kenna að konungurinn verði ekki heill heilsu og að land hans verði í eyði um ókomin ár. Perceval leggur þegar af stað og heitir því að dvelja aldrei tvær nætur á sama stað fyrir en hann komist að sannleikanum um gralinn og spjótið.

Hér hefst seinni hluti verksins. Perceval hverfur sjónum og við fylgjumst um nokkurt skeið með riddaranum Gauvain. Sagt er frá þátttöku hins síðarnefnda í burtreiðum í Tintagel og komu hans til Escavalon þar sem upp kemst að hann er banamaður fyrrver-

<sup>19</sup> Ekki er vitað með vissu hver uppruni orðsins *graal* er. Snemma á 13. öld skrifar Helinand de Froimont: „*Gradalis* eða *gradale* á frönsku er breitt og dálítið djúpt fat sem notað er til að bera fram hægt og hægt [lat. *gradatim*] fína rétti, í eigin safu, hjá hinum ríku, eitt stykki á fætur öðru í mismunandi röð. Það er kallað hinu almenna nafni *graalz* vegna þess að það sem þar er að finna er kærkomið [lat. *grata*] og vel þegið af þeim sem borðar, bæði vegna flátsins sem vill svo til að er úr silfri eða öðrum dýrmætum efnivið og vegna þess sem á því er, það er að segja hinnar margvíslegu niðurröðunar dýrra rétta“; Joseph J. Duggan, *The Romances of Chrétien de Troyes*, bls. 250–251. Algengt er að rekja orðið *graal* til orðsins *cratalem* úr latnesku alþýðumáli; „graal, greal, gresal“, Algirdas Julien Greimas, *Dictionnaire de l'ancien français jusqu'au milieu du XIV<sup>e</sup> siècle*, París: Larousse, 1980.



andi konungs. Gauvain heldur áfram för sinni og leggur af stað í leit að spjótinu blóðuga. Þá vísur sögunni aftur til Percevals. Í fimm ár hefur hann verið á ferðinni, unnið mörg afrek en gleymt bæði Guði og gralum að því er virðist. Föstudaginn langa hittir Perceval einsetumann sem fær hann til íðrast, fara til kirkju og biðja. Hann segir Perceval líka hver Fiskikonungurinn er og að í gralum sé obláta og henni sé ætlað að næra aldradan föður Fiskikonungsins sem sé í herbergi inn af stofunni þar sem Perceval snæddi kvöldverðinn. Öldungurinn sé svo heilagur maður að hann þurfi ekkert annað en oblátuna sér til viðurværis og svo hafi verið í fimmtán ár. Gamli maðurinn og einsetumaðurinn séu auk þess móðurbræður Percevals og hann og Fiskikonungurinn því systkinabörn. Perceval og lesandinn eru engu nær. Þá vísur sögunni skyndilega að ævintýrum Gauvains sem verða nú öllu torskildari enda riddarinn kominn í uggvænlegt umhverfi og hann varaður við því að hætta sér lengra. Hann hittir Ungfrúna andstyggilegu, reiðskjóta hans er stolið og hann kemur að gríðarstórum kastala með fimm hundruð gluggum. Ungar stúlkur eru við alla gluggana og þegar Gauvain hefur unnið aftur hest sinn í bardaga ákveður hann að hætta sér inn í kastalann. Þar leggst hann í töfrarekkju og sigrast á gerningum þeim sem hún býr yfir. Þar með er hann orðinn kastalaherra en má ekki yfirgefa kastalann. Hann kynnist gömlu drottningunni sem leyfir honum að fara til fundar við Ungfrúna. Hann ber sigurorð af riddara sem hafði haldið svæðinu í heljargreipum, lætur Ungfrúna andstyggilegu mana sig til að fara yfir Vaðið varasama þar sem hestur hans fer á kaf og hittir síðan myndarlegan riddara sem fræðir hann um uppruna helstu kvennanna í kastalanum. Riddarinn segir honum einnig að hann, Gauvain, hafi drepið föður hans og skorar á hann í bardaga viku síðar. Gauvain ríður nú léttilega yfir vaðið, fer með Ungfrúna andstyggilegu í kvennakastalann og sendir boð til Artúrs um yfirvofandi bardaga sinn. Og hér endar sagan.

Ekki hefur tekist að setja fram endanlega túlkun eða skýringu á þessari sögu og hefur þó ýmsum brögðum verið beitt: grafín upp gömul minni, heiðin og/eða kristin, bent á tengsl við munnmælasögur, ævintýri, Biblíuna og eldri bókmenntaverk, sagan lesin með hliðsjón af kenningum sálgreiningar og svo mætti lengi

telja.<sup>20</sup> Ætla má að í verkinu mætist lærdómur og leikni höfundar, fyriræli húsbóndans og þeir vindar sem blésu um hallir og hér- uð. Sá hluti *Sögunnar um gralinn* sem fjallar um Perceval hefur augljóslega mörg einkenni ævintýrsins.<sup>21</sup> Perceval er yngstur þriggja bræðra og alinn upp í þögn um uppruna sinn. Klaufas- skapur og fávísi einkenna þessa sögupersónu og gera hana bros- lega.<sup>22</sup> Chrétien kallar söguhetjuna *nice* sem þýðir „fávís, kjána- legur, einfaldur, óreyndur“.<sup>23</sup> Perceval brennur þó af forvitni og þegar riddarar verða á vegi hans í fyrsta sinn er hann sannfærður um að þarna sé Guð sjálfur á ferðinni, svo fagurlega glampar á herklæði þeirra í vorsólinni:

Í sömu andrá kastaði hann sér niður og fór með allt faðirvorið og allar bænir sem hann kunni og móðir hans hafði kennt honum. Og sá sem var fyrir riddurunum sá hann og sagði: „Verið fyrir aftan mig því að sveinninn sem sá okkur datt niður af ótta. Ef við förum allir til hans í einu gæti ég trúað að hann dæi úr hræðslu. Hann gæti ekki svarað neinni af spurningum mínum.“ Þeir námu staðar og riddarinn reið rösklega til sveinsins, heilsaði honum og sagði, til að fullvissa hann um að hann hefði ekkert að óttast: „Sveinn, vertu ekki hræddur! – Það er ég ekki, í nafni Frelsarans, sem ég trúi á, svaraði sveinninn. Ert þú Guð? – Nei, það veit sá sem allt veit. – Hver ertu þá? – Ég er riddari. – Ég hef aldrei þekkt ridd- ara og aldrei séð og heldur ekki heyrt þeirra getið en þú ert falgregri en Guð. Bara að ég væri nú eins og þú, jafn glansandi og vel gerð- ur!“ Þegar hann hafði mælt þessi orð kom riddarinn til hans og spurði hann: „Sástu hér í dag á þessari lyngheiði fimm riddara og

20 Ógerningur er að gera hinum ýmsu túlkunum á gralnum og *Sögunni um gralinn* skil í fáum orð- um. Bent hefur verið á tengsl við keltneskar þjóðsögur og töfragrip, altarisakramentið og helgisiði tengda frjösemitrú þegar gralinn á í hlut. Aðrir telja að Chrétien hafi ef til vill vilj- að skírskota til hátíðarmálsvardarins þegar Filippus Ágústus tók við konungdómi af föður sínum Loðvíki VII. og Filippus af Alsace þjónaði til borðs. Gagnlegt yfirlit má til dæmis finna hjá Joseph J. Duggan, *The Romances of Chrétien de Troyes*, bls. 238–259.

21 Sjá til dæmis Philippe Walter, *Perceval. Le Pêcheur et le Graal*, París: Imago, 2004, bls. 56–80. Einnig má benda á að norræna þýðingin á *Sögunni um gralinn* hefst á þessum orðum: „Svá byr- jar þessa sögu at karl bjó ok átri sér kerlingu. Þau áttu son at einberni er hét Parceval.“; *Parce- vals saga, Norse Romance*, 2. bindi, ritstj. Marianne E. Kalinke, Cambridge: D.S. Brewer, 1999, bls. 108.

22 Um írófuna í verki Chrétians sjá Peter Haidu, *Aesthetic Distance in Chrétien de Troyes. Irony and Comedy in Cliges and Perceval*, Genf: Droz, 1968.

23 Orðið (úr latínu *nescium*) kom inn í ensku á 14. öld úr engilnormönskku.

þrjár yngismeyjar?“ Það er annað sem sveininum leikur hugur á að vita og vill spyrja um. Hann teygir höndina í átt að spjótinu, tekur í það og segir: „Minn kæri herra, þú sem heitir riddari, hvað er það sem þú heldur á? – Nú er ég engu nær, sagði riddarinn. Kæri vinur, ég hélt að ég myndi fá fregnir frá þér en þú vilt fá fregnir frá mér. Ég skal svara þér, þetta er spjótið mitt. – Meinar þú að það eigi að kasta því eins og ég kasta kastspjótunum mínum? – Nei, sveinn, þú ert nú meiri kjáninn! Maður leggur með spjótinu án þess að sleppa af því takinu.“<sup>24</sup>

Sveinninn spyr riddarann eins og barn hvað vopn hans og herklæði heiti og tileinkar sér orð yfir það sem móðir hans hafði falið fyrir honum.<sup>25</sup> Hann skortir hvorki ákafa né fróðleiksfýsn en mistúlkar oft það sem við hann er sagt. Orð móður hans um að hann megi þiggja koss hjá stúlku verða til þess að hann stekkur á fyrstu yngismey sem á vegi hans verður og kyssir hana tuttugu kossa, þvert gegn vilja hennar. Þegar Gornemant ráðleggur honum að gæta orða sinna tekur hann það svo bókstaflega að það togast varla upp úr honum orð. Blanche-fleur heldur því að hann sé mállaus. Ótti við að koma illa fyrir veldur einnig þögn hans í kastala Fiskikonungsins þar sem hann langar mest að spyrja einfaldra spurninga: Af hverju blæðir úr spjótinu? Hver fær það sem er í gralum? Hik hans kemur fram strax í upphafi verksins þegar hann telur riddaraflokkinn fyrst af djöfullegum toga en síðan guðlegum. En þótt Perceval sé hálfgerður kjáni og verði ýmislegt á er ferð hans ekki til einskis. Hann þráir að ganga í þjónustu Artúrs konungs vegna þess að hann hrífst af útliti riddaranna og vopnum og það tekst honum. Þrátt fyrir mistök sín er Perceval útvalinn því að í sögu Chrétien fær enginn nema hann tækifæri til að lækna Fiskikonunginn og reisa við ríki hans.

Í þessari einkennilegu þroskasögu mætir uppeldi móðurinnar þeirri karl- og riddaramennsku sem ekkjan hefur svo djúpstæða óbeit á. Því má segja að verkið hefjist á táknrænan hátt með andláti móður sem horfir á eftir þriðja og eina eftirlifandi syni sínum út í hinn stóra heim, syni sem hún hefur alið upp í einangrun í því skyni að vernda

<sup>24</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 689–690, ll. 155–201.

<sup>25</sup> Daniel Poirion, „*Perceval ou le Conte du Graal*. Notice“, Chrétien de Troyes, *Oeuvres complètes*, bls. 1299–1318, hér bls. 1303.

hann fyrir umheiminum. Þannig lýkur fyrsta kafla í lífi sveinsins þótt hugur hans leiti æ heim til móðurhúsanna. Heilræði Gornemants stangast þó ekki á við hollráð móðurinnar. Hún hvetur son sinn til að koma ungum stúlkum í neyð til hjálpar, sækjast eftir félagsskap heiðursmanna, spyrja þá að nafni – „því að af nafninu má þekkja manninn“ – og að sækja kirkju og klaustur. Gornemant kennir honum vopnaburð, að sýna andstæðingi miskunn, að vera orðvar „því að sá syndgar sem talar of mikið“, að koma ungmeyjum til hjálpar og fara í messu. Einsetumaðurinn bætir síðan við kristilega uppfræðslu Percevals svo um munar og beinir honum inn á braut iðrunar og guðsótta; það er sá manndómur sem verkið setur í öndvegi og við það verður leit riddarans andleg og trúarleg, ólíkt því sem verið hafði í fyrri verkum Chrétiens.<sup>26</sup> Hinn dularfulla gral kallar einsetumaðurinn *sainte chose* – heilagan hlut – og þrátt fyrir að þetta sé að öllum líkindum matarlát er þar hvorki að finna kjötbita né fisksporð heldur oblátu. Guðhræðslan, heilagleiki gralsins og dulúðin sem Fiskikonungurinn er sveipaður í ólokinni sögu Chrétiens átti eftir að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Hvers vegna Chrétien tók þennan pól í hæðina vitum við ekki en þó má ætla að húsbóndi hans hafi haft eitthvað til málanna að leggja. Sagan er rituð á tímum krossferða og í formála gerir höfundur mikið úr kristilegu innræti greifans. Þeir eiginleikar hans sem þar eru tífundaðir, svo sem kristilegur kærleikur og manngæska, eru áberandi í sögunni, ekki síst hjá heiðursmanninum Gornemant. Einnig má benda á að gerðir Percevals og Gauvains endurspeglar kristileg gildi sem fólust til að mynda í því að standa vörð um réttlætið og refsar illmennum og oflátungum.<sup>27</sup> Filippus greifi fór fyrst til Austurlanda árið 1177. Faðir hans, Thierry af Alsace, lagði einnig leið sína austur á bóginn oftár en einu sinni; hann tók meðal annars þátt í annarri

<sup>26</sup> Um leit riddarans í riddarasögum miðalda: Reto R. Bezzola, *Le Sens de l'aventure et de l'amour (Chrétien de Troyes)*, París: La Jeune Parque, 1947; Erich Köhler, *L'Aventure chevaleresque. Idéal et réalité dans le roman courtois. Études sur la forme des plus anciens poèmes d'Arthur et du graal*, París: Gallimard, 1974 (kom fyrst út á þýsku: *Ideal und Wirklichkeit in der höfischen Epik*, Tübingen: Niemeyer, 1956); Marie-Luce Chénier, *Le Chevalier errant dans les romans arthuriens en vers des XII<sup>e</sup> et XIII<sup>e</sup> siècles*, Genève: Droz, 1986.

<sup>27</sup> Sjá til dæmis grein eftir Jean-Guy Gouttebroze „Chrétien de Troyes prédicateur. Structure et sens du prologue du *Conte du graal*“, *Amour et chevalerie dans les romans de Chrétien de Troyes*, bls. 29–45, hér bls. 44–45. Um kristilegan kærleik Filippusar af Alsace í verki Chrétiens sjá Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 686, ll. 42–60.

krossferðinni 1147 og lengi vel var talið að hann hefði snúið heim með nokkra dropa af hinu heilaga blóði Krists í farteskinu og komið þessum dýrmæta helgigrip fyrir í kapellu heilags Basilíusar í Brugge árið 1150.<sup>28</sup> Sú tímasetning er þó umdeild og Chrétien hvorki tengir gralinn við blóð Frelsarans né gerir úr honum hinn heilaga Gral, bikarinn sem geymdi blóð Krists og var fluttur frá Landinu helga til Avalon.<sup>29</sup> En vel má vera að Chrétien hafi viljað minnast krossferða húsbónda síns í verkinu og sótt fyrirmynd að hinum farlana Fiskikonungi til hins holdsveika Baldvins IV. konungs af Jerúsalem sem bauð Filippusi af Alsace árið 1177 að ríkja þar í sinn stað en án árangurs.<sup>30</sup> Það reyndist Filippusi hins vegar mun auðveldara að rata aftur til Landsins helga en Perceval að finna frænda sinn Fiskikonunginn á ný.

Á þessum fyrstu áratugum skáldsagnaritunar í Evrópu vinnur Chrétien með ólíka efnisþætti – riddaramennsku, krossferðir, hæverska ást, sögur úr fornöld, kristin og heiðin minni og aðra kunnáttu sem ætla má að lærður maður þessa tíma hafi búið yfir – og blandar saman kímni og alvöru. Hann varð ekki fyrstur til að skrifa um Artúr konung en það var hann sem breytti söguviði keltneskra sagna og ævintýra í furðuheim farandriddarans og ólíkt mörgum samtímamönnum sínum og starfsbræðrum leitaðist hann ekki við að tryggja verkum sínum annað sannleiksgildi en það sem fólst í merkingu þeirra.<sup>31</sup> Skáldskapur Chrétiens átti eftir að hafa djúpstæð áhrif á þróun miðaldaskáldsögunnar, ekki síst *Sagan um gralinn* sem segir okkur líka ýmislegt um það hvernig saga verður til.

<sup>28</sup> Blóddroparnir, sem Jósef frá Arímaþeu átti að hafa geymt, munu enn vera varðveittir í Brugge. Um helgigripi og heilagt blóð sjá André Vauchez, „Du culte des reliques à celui du Précieux Sang“; Marc Venard, „Le sang du Christ: sang eucharistique ou sang relique“; báðar greinarnar er að finna í *Les „Précieux Sangs“: reliques et dévotions*, Actes de la journée d'études tenue à Fécamp le 9 juin 2007, *Tabularia. Sources écrites de la Normandie médiévale* 2008, <http://z1/www.unicaen.fr/mrsh/craham/revue/tabularia/view.php?dir=dossier8> [sótt 31. október 2009]. Sjá líka Martin Aurell, *La Légende du roi Arthur*, bls. 293.

<sup>29</sup> Það er Robert de Boron, í verkinu *Roman de l'Estoire du Graal*, sem gerir gralinn að kristnum helgigrip.

<sup>30</sup> Ári síðar, í Konstantínópel, mun Filippus hafa séð spjótið sem stungið var í síðu Krists á krossinum. Eftir daga Chrétiens var spjótið í kastala Fiskikonungsins iðulega tengt við það spjót, sjá Martin Aurell, *La Légende du roi Arthur*, bls. 294.

<sup>31</sup> Hann sneri baki við hinum „sögulega sannleik“ sem setur svip sinn á kappakvæðin og fyrstu rómönsurnar en þau verk byggjast iðulega á persónum sem eiga að hafa verið uppi og/eða sögulegum atburðum og oft lýsa höfundar þeirra því yfir að þau séu sannsöguleg.

### 3. Að búa til sögu: valurinn og villigæsin

Fyrstu frönsku ljóðsögurnar voru þýðingar eða „aðlaganir“ úr latínu sem settar voru í bundið mál og eru því kallaðar ljóðsögur. Úr þessari þýðingarvinnu er franska orðið yfir skáldsögu – *roman* – sprottið því að talað var um að „setja á róman“ (fr. *mettre en roman*) þegar verki var snúið af latínu yfir á talmálið *roman*.<sup>32</sup> Því var frönsk þýðing á *Eneasarkviðu* nefnd *Roman d'Eneas* og verkið *Historia regum Britanniae* eftir klerkinn Geoffroy frá Monmouth *Roman de Brut* í meðförum Wace, starfsbróður hans. Orðið *roman* var einnig notað yfir lengri skáldverk almennt, í bundnu og óbundnu máli, þótt ekki væri lengur um þýðingar að ræða. Kappakvæðin (fr. *chansons de geste*) voru undanskilin þar sem þau voru sungin en hin lesin. Að öðru leyti voru engar reglur til um það á miðöldum hvernig skáldsögur ættu að vera, ekki frekar en nú, og þótt langt sé á milli miðaldaskáldsögunnar (rómönsunnar) og þeirrar sem kennd er við nútímann er athyglisvert að sjá að frá upphafi hafa höfundar velt fyrir sér bæði innihaldi og formi verka sinna.

Í inngangi *Sögunnar um gralinn* segir Chrétien að þetta sé *roman* sem hann sé nú að setja saman. Mörkin á milli þýðingar og frum-samins texta eru þó oft óljós og kemur tvennt til. Annars vegar það að miðaldarþýðendur fóru gjarnan frjállega með þá texta sem þeir þýddu og gerðu á þeim miklar breytingar og hins vegar sú staðreynd að höfundar eða flytjendur bentu oftar en ekki á fyrirmyndir að verkum sínum, munnlegar og/eða skriflegar. Chrétien nefnir verk sitt í upphafi *li contes del graal*, sem vísar í munnlega frásögn (fr. *conter* – segja frá), þótt hann minnst svo nokkrum ljóðlínum síðar á bókina (fr. *livre*) sem húsbóndi hans fékk honum til þess að hann gæti skrifað verkið. Þegar slíkum tilvísunum bregður fyrir í ritum frá þessum tíma er sjaldan vitað hvaða bækur áttu í hlut og

<sup>32</sup> Á latínu var talmálið kallað *rustica romana lingua*. Þaðan kemur orðið *roman*. Stutta úttekt á merkingu orðsins í þessu sambengi er að finna í verki Michels Stanesco og Michels Zinks, *Histoire européenne du roman médiéval. Esquisse et perspectives*, París: Presses universitaires de France, 1992, bls. 9–12. Um tilurð miðaldaskáldsögunnar í Frakklandi sjá til dæmis Emmanuèle Baumgartner og Charles Mela, „La mise en roman“, *Précis de littérature française du moyen âge*, ritstj. Daniel Poirion, París: Presses Universitaires de France, 1983, bls. 83–127; Douglas Kelly, *Medieval French Romance*, New York: Twayne Publishers, 1993; Matilda Tomaryn Bruckner, „The Shape of Romance in Medieval France“, *The Cambridge Companion to Medieval Romance*, ritstj. Roberta L. Krueger, Cambridge: Cambridge University Press, 2000, bls. 13–28.

hvort þær hafi yfirleitt verið til. Í formála að fyrsta skáldverki sínu sem varðveist hefur, *Érec et Énide*, segist Chrétien gera sögu sína eftir ævintýri (ffr. *conte d'avanture*) sem hann hafi heyrt en hafi verið illa flutt. Verk sitt sé hins vegar vel samsett – vel hugsað og uppbyggt – því að hann vilji breyta þessu illa sagða ævintýri í „einkar fagra frásögn“ eða „[u]ne mout bele conjointure“.<sup>33</sup> Í *Lancelot eða Kerruriddaranum*, sem samið var fyrir Marie de Champagne, segir höfundur að fyrirmæli Marie, sem ljái honum „efniviðinn og inntakið“ (ffr. *matiere et san*), hafi meiri áhrif á verkið en allt erfiðið og heilabrotin sem hann leggur á sig við gerð þess; í hans hlut komi einungis það að „hugsa“ (fr. *penser*) verkið.<sup>34</sup> Þótt þessi yfirlýsing sé lituð af auðmýkt og húsbóndahollustu er hún þó merkileg heimild um sýn Chrétiens á starf sitt. Í *Sögunni um gralinn* eru engar yfirlýsingar af þessu tagi en hins vegar virðist höfundurinn þar hafa sérstakan áhuga á lesandanum/áheyrandanum og glímu hans við verkið. Hlutverk lesandans er samtvinnað höfundarstarfinu allt frá fyrstu ljóðlínum formála verksins þar sem Chrétien grípur til dæmisögunnar um sáðmanninn þegar hann líkir skrifum sínum við fræ og áheyrendum við jarðveg:

Sá sem sáir litlu uppsker lítið og sá sem vill uppskera vel verður að sá fræjum sínum þar sem hann mun uppskera hundraðfalt því að góð fræ þorna og deyja í einskis nýtum jarðvegi. Chrétien sáir fræjum skáldsögu [ffr. *romans*] sem hann byrjar á og hann sáir í svo frjóan jarðveg að hann hlýtur að uppskera ríkulega ...<sup>35</sup>

<sup>33</sup> Chrétien de Troyes, *Érec et Énide, Oeuvres complètes*, bls. 1–169, hér bls. 3, l. 14. Orðið *conjointure* þýðir hér ‘skipulag’, ‘samsetning’, þ.e. hvernig frásögnin er byggð upp eða samsett eftir kúnstarrinnar reglum.

<sup>34</sup> Chrétien de Troyes, *Lancelot ou le chevalier de la charrette*, bls. 507–508, ll. 21–29.

<sup>35</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 685, ll. 1–10. Þetta er ekki eina skírskotunin í Biblíuna í formálanum. Chrétien fær hér lánaðar nokkrar línur úr *Síðara bréfi Páls til Korintumanna* (2, IX, 6) sem hann tengir við dæmisöguna um sáðmanninn (*Matt.* XIII, 1–9, *Mrk.* IV, 1–9, *Lúk.* VIII, 4–9). Í Biblíunni líkir Jesús orði Guðs við fræ og sjálfum sér við sáðmanninn en þeir sem á hann hlýða eru jarðvegurinn. Um formála Chrétiens að verkinu sjá grein Jean-Guy Gouttebroze, „Chrétien de Troyes prédicateur. Structure et sens du prologue du *Conte du graal*“. Um dæmisöguna af sáðmanninum í *Sögunni um gralinn* sjá til dæmis ágæta grein Hanne Lange, „Symbolisme, exégèse, littérature profane: intertextualité et intratextualité dans le *Conte du Graal* de Chrétien de Troyes“, *Actes du XVIII<sup>e</sup> Congrès International de Linguistique et de Philologie Romanes*, ritstj. Dieter Kremer, Université de Trèves (Trier), Tübingen: Niemeyer, 1988, bls. 289–307.

Tilvísun Chrétiens í þessa vel þekktu dæmisögu má túlka á tvo vegu.<sup>36</sup> Annars vegar þannig að hann voni einfaldlega að verk sitt beri ávöxt. Hvað Chrétien fékk í laun frá örlátum húsbónda sínum er ekki vitað en uppskeran var ríkuleg á meðal starfsbræðra hans sem spunnu framan og aftan við verkið að vild og gerðu úr gralnum eitthvað allt annað en fallett matarílát. Hins vegar má líka túlka dæmisöguna á þá leið að saga Chrétiens feli í sér aðra merkingu en þá bókstaflegu og að það komi í hlut lesandans/áheyrandans að finna hana eða, að minnsta kosti, leita hennar.<sup>37</sup>

Það er ef til vill ekki síst vegna yfirlýsinga Chrétiens um starf sitt að fræðimenn hafa leitað að tengingum og/eða hliðstæðum í hlutunum tveimur sem mynda *Söguna um gralinn* enda hljóti höfundurinn að hafa haft heildarmynd verksins í huga við ritun þess og sú mynd hljóti að hverfast um merkingu eða innihald eins og í öllum fyrri verkum hans þar sem söguþræðir fléttast saman og mynda eina heild. Þótt ferðir Gauvains hafi ekkert með gralinn að gera fer hann að leita spjótisins; hann myndar einnig mótvægi við hinn óreynda Perceval og ferðir beggja tengjast þeirra nánustu ættingjum. Dó Chrétien frá óloknu verki eða gafst hann upp á að flétta saman þessa ólíku hluta og lét staðar numið – eftir dauða húsbóndans? Af titlinum að dæma gegnir gralinn mikilvægu hlutverki í sögunni enda er þetta eina verk höfundar sem kennt er við hlut en ekki aðalpersónu(r) þótt talað sé um verkið sem „li romans de Perceval“ í sumum handritum.<sup>38</sup> Hvert hlutverk gralsins er kemur í ljós hjá einsetumanninum en sú skýring dugar þó tæplega til að lesandi átti sig á því vægi sem höfundurinn ljær honum. En það er líka vandasamt að láta verkið bera heiti söguhetju sem veit ekki sjálf hvað hún heitir fyrir en langt er liðið á frásögnina. Ungi sveinninn – kallaður „fríði sonur“ af móðurinni og „ungi maður“, „sveinn“, „vinur“, „fríði vinur“, „fríði bróðir“ af öðr-

<sup>36</sup> Tilvísanir af þessu tagi vekja iðulega spurningar, til dæmis um fyrirmyndirnar sem höfundarnir notuðu við gerð verksins og merkingu þess; þær opna því textann á margvíslegan hátt. Sjá til dæmis Paul Ricoeur, „La Bible et l’Imagination“, *Revue d’Histoire et de Philosophie Religieuses*, 62/1982, bls. 339–360; Hanne Lange, „Symbolisme, exégèse, littérature profane“, bls. 297–298.

<sup>37</sup> Í riti sínu *Le Conte du graal ou l’art de faire signe*, París: Champion, 1998, bls. 47–96, bendir Francis Dubost á að líkingin um spegil og óskýra spegilmynd hæfi þessu verki einkar vel, sbr. sífjeldar spurningar Percevals sem „sér“ en „veit“ ekki alltaf hvað það er sem hann sér. Þetta eigi líka við um lesendur og sé vísitandi gert af hálfu höfundar.

<sup>38</sup> Daniel Poirion, „*Perceval ou le Conte du Graal*. Notice“, bls. 1300–1301.



um – er nafnlaus þar til morguninn eftir næturgreiðann í kastala Fiskikonungsins.<sup>39</sup> Þá loks er hann spurður nafns og það stendur ekki á svarinu þótt ekki sé hann alveg viss um að það sé rétt:

– Hvað heitir þú, vinur?

Og hann sem þekkti ekki sitt eigið nafn gat sér til um að hann hétí Perceval hinn velski; hann vissi ekki hvort hann sagði satt eða ekki og án þess að vita það sagði hann satt.<sup>40</sup>

Hér verða mikilvæg skil: Perceval getur upp á (fr. *devine*) nafni sínu um leið og hann hittir ættingja sinn, kemst að því að móðir hans er dáin og að hann hefur gert skelfileg mistök. Nafn hans kemur lesandanum jafn mikið á óvart og honum sjálfum því að höfundurinn hefur fram að þessu beitt þeirri frásagnartækni að byggja forvitni áheyrans upp í kringum unga, nafnlausu sögupersónu.<sup>41</sup> Perceval er, þrátt fyrir allt, dæmigerð hetja og lítil dulúð í kringum persónu hans bæði fyrir og eftir fundinn með Fiskikonunginum. Gralinn er öllu dularfyllri og verður þungamiðja verksins upp frá þessu þótt hann komi ekki við sögu nema í örfáum ljóðlínunum af þeim 5500 sem eftir eru. Samsetning sögunnar og titill vekja þannig spurningar sem engin svör fást við. Hvað var þetta eiginlega með gralinn og spjótið? Hvers vegna þurfti Perceval að varpa fram þessum spurningum til að lækna Fiskikonunginn? Af hverju var land Fiskikonungsins í eyði? Og hvað með Blanchefleur? Mun Perceval snúa aftur til hennar?

Samtímamenn Chrétiens tóku upp þráðinn þar sem höfundurinn hafði látið staðar numið.<sup>42</sup> Fjórar „framhaldssögur“ (fr. *continuations*) í bundnu máli voru skrifaðar frá lokum 12. aldar og til 1230. Í þeirri fyrstu er fjallað um Gauvain (á honum endar verk

<sup>39</sup> Bent hefur verið á tengsl nafnleysis Percevals, sem og spurninga hans um heiti hluta og manna, við heimspekilegar vangaveltur samtímamanna hans um nafnhyggju (fr. *nominalisme*) og hluthyggju (fr. *realisme*); sjá til dæmis Daniel Poirion, „Perceval ou le Conte du Graal. Notice“, bls. 1328.

<sup>40</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 773–774, ll. 3572–3577.

<sup>41</sup> Um hugsanlega merkingu þessa kafla sjá Philippe Ménard, „La révélation du nom pour le héros du Conte du graal“, *Amour et chevalerie dans les romans de Chrétien de Troyes*, bls. 47–59.

<sup>42</sup> Annie Combes og Annie Bertin, *Écritures du Graal (XII<sup>e</sup>–XIII<sup>e</sup> siècles)*, París: Presses Universitaires de France, 2001. Sjá líka: „Parsifal“, *Dictionnaire des mythes littéraires*, ritstj. Pierre Brunel, París: Éditions du Rocher, 1988, bls. 1104–1108.

Chrétien); í öðru verkinu fer Perceval aftur í kastala Fiskikonungsins en spyr ekki spurninganna. Í því þriðja fer Perceval enn í kastala Fiskikonungsins en spyr heldur ekki spurninganna tveggja (í þessu verki eftir Gerbert de Montreuil er sagt að dauðinn hafi komið í veg fyrir að skáldið – Chrétien – lyki því sem það ætlaði sér, það er að skrifa bestu sögu sem sögð hefur verið við konunglega hirð, *Söguna um gralinn*); hann giftist hins vegar Blanchefleur án þess að hjónabandið sé fullkomnað. Í því fjórða, sem kennt er við Manessier, spyr Perceval loks spurninganna, fær svör, drepur þann sem særði Fiskikonunginn og tekur við ríki þess síðarnefnda. Hann gerist svo einsetumaður og eftir dauða hans fara gralinn og spjótíð til himna. Þarna var svo að segja búið að ganga frá öllum lausum endum en áður en Manessier skrifaði sína framhaldssögu höfðu orðið umtalsverðar breytingar á skáldsagnaritun í Frakklandi. Í byrjun 13. aldar, þegar Wolfram von Eschenbach samdi sitt þekktu verk *Parzival*, var farið að skrifa skáldverk í óbundnu máli og fyrstu prósasögurnar voru endurgerðir af ljóðsögum Roberts de Boron – *Roman de l'Estoire du Graal, Merlin, Perceval?* – sem voru „þýddar“ af bundnu máli yfir á óbundið. Fyrstu riddarasögurnar sem voru samdar á óbundnu máli fjölluðu einnig um gralinn og riddara hringborðsins. Þær eru óhemju langar, eins og höfundar þeirra hafi átt í erfiðleikum með að „botna“ verk Chrétien.<sup>43</sup> Gralinn, bikarinn sem birtist aðeins útvöldum, fær þar æ trúarlegra og sögulegra yfirbragð.<sup>44</sup> Leit riddarans mótast af þessu nýja áhugamáli; trúin vegur þungt og skírlífi er æðsta dyggðin.

Leit Percevals í *Sögunni um gralinn* er af öðrum toga. Ekki er það trúin sem rekur sveininn áfram heldur forvitni og svo sektarkennd, fyrst vegna móðurinnar og síðan Fiskikonungsins. Perceval stígur ekki fullskapaður inn í heim miðaldaskáldsögunnar eins og sumir félagar hans. Hann á margt eftir ólært, er fljótfer og dregur iðulega rangar eða engar ályktanir af því sem hann sér eða heyrir. Því kemur hann lesandanum á óvart einn kaldan vormorgun þegar hann sér

<sup>43</sup> Vandasamt er að tímasetja verk frá þessu tímabili en oft eru prósasögurnar *Le Haut Livre du Graal* eða *Perlesvaus* og *Lancelot-Graal* nefndar í þessu samhengi; Michel Stanesco og Michel Zink, *Histoire européenne du roman médiéval*, 1992, bls. 37, 57.

<sup>44</sup> Gralinn tekur þó líka á sig aðrar myndir: Í verki Wolframs von Eschenbachs, *Parzival*, er hann til dæmis dýrmætur steinn.

villigæsir á flóttu undan val sem tekst að slá eina gæsina niður í snjóinn.

Það hafði snjóað um nóttina því að kalt var í veðri. Perceval hafði farið snemma á fætur eins og venjulega í leit sinni að afrekum og ævintýrum. Hann kom að enginu þar sem her konungs hafði slegið upp tjöldum, frost var í jörðu og fannbreiða yfir öllu. Áður en hann kom að tjaldbúðunum sá hann hvar villigæsir komu fljúgandi, blindaðar af snjónum. Hann sá þær og heyrdi í þeim á flóttu undan val sem elti þær með leifturhraða, náði einni gæsinni, sem hafði skilist frá hópnum, og sló hana þannig að hún féll til jarðar.<sup>45</sup>

Perceval flýtir sér til hennar en særð gæsin flýgur í burtu. Hugfanginn af þremur blóðdropum í hvíttri mjöllinni þar sem far hefur myndast eftir ávalan líkama fuglsins situr Perceval hreyfingarlaus dágóða stund:

Hann studdi sig við spjót sitt og virti fyrir sér hversu blóðið og mjöllin líktust ferskum litbrigðum í andliti vinkonu sinnar og hann gleymdi stund og stað. Því að í andliti hennar var rauði liturinn einnig á hvítum grunni eins og blóðdroparnir í mjöllinni. Og þar sem hann horfði á þetta fannst honum, sér til mikillar ánægju, sem hann sæi fríska litina í andliti sinnar fögru vinnu.<sup>46</sup>

Nærstaddir riddarar Artúrs furða sig á þessu annarlega ástandi og reyna árangurslaust að rjúfa töfrana. Það tekst ekki fyrir en sól hækkar á lofti og blóðdroparnir gufa upp. Þá kemur hinn skilningsríki Gauvain á fund Percevals þar sem hann situr enn og fær sveininn til að koma með sér til konungsins. Frá upphafi verksins er Perceval grunnhygginn og fávís. Hér nemur hann staðar í sinni tilviljanakenndu en áköfu leit og vaknar til vitundar um táknræna merkingu hlutanna því að það sem hann sér kallar fram mynd af allt öðru í huga hans. Ástin kviknar þótt ekki nái hún sömu hæðum hér og í *Lancelot eða Kerruriddaranum*. Lesandinn staldrar líka við – hann veltir því ef til vill fyrir sér af hverju Perceval hafi vilj-

<sup>45</sup> Chrétien de Troyes, *Perceval ou le Conte du Graal*, bls. 788, ll. 4160–4181.

<sup>46</sup> Sama rit, bls. 795, ll. 4197–4210.

að ná gæsinni, minnst svo Mjallhvítar eitt augnablik áður en hann fylgir söguhetjunni í huganum til Blanchefleur. En hvað með blóðuga spjótið sem Perceval sá hjá Fiskikonunginum? – og furðar sig æ meir á söguhetjunni og því stefnuleysi sem ræður för hennar. En ástin stöðvar ekki þreytta farandriddara þessa verks þótt hún veiti þeim stundarró.<sup>47</sup> Í stað þess að fara til fundar við Blanchefleur sem bíður í kastala sínum snýr Perceval aftur til hirðar Artúrs og þegar hann kveður konung á nýjan leik hefur hann það eitt að markmiði að komast að sannleikanum um gralinn og spjótið þótt árangurinn láti vissulega á sér standa.

Chrétien var umhugað um samsetningu verka sinna en miðalda-þýðendur löguðu sögur hans að öðru tungumáli, annarri menningu, öðrum tíma og, án efa, öðrum væntingum. Þegar *Sögunni um gralinn* var snúið á norrænu – líklega í lok 13. aldar – af ónafngreindum þýðanda urðu til úr henni tvö verk: *Parsivals saga* og *Valvens þáttur*.<sup>48</sup> Þessi skipting endurspeglar tvískipta uppbyggingu verksins en þýðandinn stytta einnig söguna til muna og þá væntanlega með það í huga að laga hana að smekk nýrra áheyranda. Gralinn kallar hann „gangandi greiða“ og hann lýkur verki sínu af jákvæðri röggsemd ævintýranna sem enda vel, beinir ferð Parsivals, eftir dvöl hans hjá einsetumanninum, til borgar Blankiflúr (Blanchefleur) þar sem hann gengur að eiga unnustu sína og gerist höfðingi yfir ríki hennar. Öðrum hefur *Sagan um gralinn* orðið innblástur að nýjum verkum. Án þess að leiða getum að því að Chrétien hafi vísitandi skilið við verk sitt ófullgert má ætla að snubbóttur endirinn, sem skapar rými fyrir aðra höfunda, eigi þar hlut að máli, endir sem lætur mörgum spurningum ósvarað og skilur við aðal söguhetjuna langt frá loforðum sínum og þjakaða af sektarkennd. Mörg tár falla í ríki Artúrs konungs en þetta eru í senn óvenjuleg og dapurleg örlög. Því þótt Perceval beri sigurorð af öllum andstæðingum sínum í verkinu er *Sagan um gralinn*, í þeirri mynd sem hún hefur varðveist, saga um mistök. Í formála sínum hvetur höfundur lesandann til þess að kafa dýpra í verkið, rétt eins og aðal söguhetjan lærir smátt og smátt að lesa umhverfi sitt, tileinka sér

<sup>47</sup> Um þreytuna sem fylgir riddaramenskunni sjá Christian Bobin, *Une petite robe de fête*, París: Gallimard, 1993, bls. 23–29.

<sup>48</sup> Þessi verk er að finna í *Norse Romance*, 2. bindi, bls. 103–216.

orð og þekkingu og gæða það sem fyrir augu ber táknrænni merkingu. En Perceval fær ekki annað tækifæri og þar skilur milli söguhetju og lesanda. Með flókna þræði sögunnar í höndum sér má vænta þess að lesandinn efist um túlkun sína en það kemur ekki að sök: Honum er frjálst að hefjast handa á nýjan leik. Hvort sem Chrétien tókst að búa til „bestu sögu sem sögð verði við konunglega hirð“ eða ekki rætist ósk hans um ríkulega uppskeru í hvert sinn sem glímt er við verk hans. Í heimi hins óvænta er þess svo ef til vill ekki langt að bíða að Perceval snúi aftur heim í Eyðiskóginn einmanalega, sem eitt sinn var hlaðinn táknum, og að þar fæðist nýjar sögur.

## ABSTRACT

## How to Make a Story

### *The Story of the Grail*

*The Story of the Grail* was written in the late twelfth century. It is the best known work of Chrétien de Troyes and it inspired many authors who did not hesitate to spin an end to Chrétien's unfinished story. Thus the idea of the grail developed significantly in the works that followed. One of the main characteristics of Chrétien's story is the emphasis put on the search for meaning both in the prologue as well as in the story itself. For the ignorant but promising knight Perceval this search is also the search for identity which begins as soon as he leaves his mother. By contrast, Gawain is an accomplished knight; the story of his adventures in the second half of the work relates in an obscure manner to the first part.

Chrétien's unfinished romance is a story of Perceval's mistakes and many questions are left unanswered. In this article *The Story of the Grail* will be presented briefly as one of the first medieval romances. We know almost nothing about Chrétien de Troyes but we know that he was concerned about the structure and the meaning of his works. In this romance the author seems to insist on the role of his readers when it comes to endowing the story in which they are entangled with meaning.